



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði í ágúst 2018

Í ágúst 2018 hefur verið aflað upplýsinga frá leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum um stöðu ráðninga. Dagana 9. – 17. ágúst var haft samband við alla leikskólastjóra borgarinnar símleiðis. Þann 15. ágúst var send fyrirspurn til stjórnenda grunnskóla. Þann 20. ágúst var haft samband við stjórnendur í frístundastarfi. Svör bárust frá öllum.

Í leikskóla á eftir að ráða í 61,8 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Búið er að ráða í 93,6% stöðugilda.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 33,4 stöðugildi. Búið er að ráða í 98,3% stöðugilda.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 103,3 stöðugildi. Búið er að ráða í 71,1% stöðugilda.

Í meðfylgjandi töflu er staðan í ráðningum skipt eftir starfssemi og borgarhlutum.

Mannekla í ágúst 2018

| Stöðugildi sem ráða þarf í | Árbær- Grafarh olt | Breiðh olt | Grafarvog ur- Kjalarnes | Laugardal ur- Háaleiti | Miðborg- Hliðar/Vestur bær | Alls |
|---|--------------------------|---------------|-------------------------------|------------------------------|----------------------------------|-------------------|
| Leikskólar | 18 | 3 | 5,5 | 13,8 | 21,5 | 61,8 |
| Grunnskólar | 3,25 | 9,5 | 7,6 | 5,75 | 7,3 | 33,4 |
| Frístundaheimili/sé rtæk félagsmiðstöð | 19,5 | 15,5 | 17,0 | 34,5 | 16,8 | 103, 3 |
| <i>Fjöldi stm í fríst.starf</i> | <i>42</i> | <i>31</i> | <i>34</i> | <i>69</i> | <i>35</i> | <i>211</i> |

Gerð verður frekari grein fyrir stöðunni í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum hér fyrir aftan.

Leikskólar

Samkvæmt upplýsingum úr leikskólum 9. – 17. ágúst 2018 á eftir að ráða í 61,8 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Þau skiptust á eftirfarandi hátt: 5 aðstoðarleikskólastjóra, 5 stöðugildi deildarstjóra, 34,5 stöðugildi leikskólakennara/starfsfólks á deild, 16,8 stöðugildi í stuðning og 0,5 stöðugildi í annað.

Þau 61,8 stöðugildi sem vantar núna skiptast á eftirfarandi hátt:

- 31 leikskólar hafa ráðið í allar stöður, þ.e. 50% leikskólanna.
- 17 leikskólar vantar 0,75 - 1,50 stöður, þ.e. 27,4% leikskólanna.
- 5 leikskóla vantar 2 - 2,63 stöður, þ.e. 8,1% leikskólanna.
- 4 leikskóla vantar 3,0 stöður, þ.e. 6,5% leikskólanna.
- 4 leikskóla vantar í 4 - 4,5 stöður, þ.e. 6,5% leikskólanna.
- 1 leikskóla vantar í 5 stöður, þ.e. 1,6% leikskólanna.

Auk þeirra 61,8 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í ágúst miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vantar 22,5 stöðugildi í afleysingu. Um getur verið að ræða afleysingu þegar fastir starfsmenn leikskóla taka undirbúningstíma sem og vegna veikinda starfsmanna. 1. ágúst 2018 tók gildi samþykkt borgarráðs um fjölgun undirbúningstíma deildarstjóra úr 5 í 7 tíma á viku og leikskólakennara úr 4 í 5 tíma á viku og samsvarar sú aukning um 20 stöðugildum í afleysingu þegar á heildina er litið. Leikskólastjórar ráða starfsmenn til afleysinga vegna undirbúningstíma inn á sína leikskóla. Hvað varðar afleysingu vegna veikinda starfsmanna er verið að fara af stað með tilraunaverkefni um stofnun afleysingastofu sem miðlar einstaklingum í afleysingastörf hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið er að stuðla að meiri fjölbreytileika í ráðningum og fara nýjar leiðir í mönnun á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Fyrir starfsstaðina er tækifæri til að stýra í meira mæli nýtingu afleysingar eftir þörfum hverju sinni og bregðast þannig við ófyrirséðum og fyrirséðum forföllum. Þetta fyrirkomulag mun jafnframt auka sveigjanleika fyrir þá einstaklinga sem vilja tímabundin, breytileg störf og vilja eða þurfa mikinn sveigjanleika í starfi. Í fyrsta hluta verkefnisins verður eingöngu horft til starfa í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Þann 14. ágúst 2017 átti eftir að ráða í samtals 119,2 stöðugildi í leikskóla. Þau skiptust á eftirfarandi hátt: 14 stöðugildi deildarstjóra, tæplega 75 stöðugildi leikskólakennara/starfsfólks á deild, tæplega 19 stöðugildi í stuðning og um 11 stöðugildi í stjórnun og annað. Þann 15. ágúst 2016 átti eftir að ráða í samtals 101,9 stöðugildi.

Því er búið að ráða í 93,6% stöðugilda í leikskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í mars 2018. Í samantekt frá 14. ágúst 2017 var búið að ráða í 91,8% stöðugildi leikskóla miðað við fjölda stöðugilda leikskóla í desember 2016.

Staða starfsmannamála hefur þau áhrif að óvíst er með dagsetningar á inntöku 128 barna af þeim um það bil 1400 sem hafa fengið boð um vistun frá og með hausti. Þessi 128 börn bíða eftir að hefja leikskólagöngu í 11 leikskólum þar sem ekki hefur náðst að manna í grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun.

Upplýsingar varðandi biðlista eftir leikskólaplássi.

Innritun í leikskóla er sífellt í gangi. Stærsti hluti hennar fer fram í lok apríl þegar úthlutað er plássum varðandi 1. bekkinga grunnskóla á komandi hausti. Þó innritun fari að stærstum hluta fram í apríl og maí er fram á haust verið að vinna með umsóknir þar sem leitast er við að koma til móts við óskir foreldra um þann leikskóla sem þeir kjósa helst að koma barni í. Einnig er unnið með umsóknir barna sem eru að flytja til Reykjavíkur eða innan borgarinnar. Það er misjafnt eftir hverfum hversu mörg leikskólapláss eru í boði og hefur það áhrif á aldur barna við inntöku í því hverfi.

Á biðlista eftir leikskólaplássi hjá borgarreknum leikskólum þann 18. ágúst 2018 eru 55 börn fædd 2016 og eldri að bíða eftir leikskólaplássi. Um er að ræða leikskólaumsóknir sem komu inn eftir að innritun fyrir haustið 2018 hófst. Til viðbótar eru 62 börn fædd 2016 og eldri með flutningsumsóknir á milli leikskóla. Fjöldi barna á biðlista sem fædd eru í janúar til maí 2017 eru 153.

Á biðlista eftir leikskólaplássi hjá borgarreknum leikskólum þann 29. ágúst 2017 voru 63 börn fædd 2015 og eldri að bíða eftir leikskólaplássi. Til viðbótar voru 57 börn fædd 2015 og eldri með flutningsumsóknir á milli leikskóla. Fjöldi barna á biðlista sem fædd voru í janúar til maí 2016 voru 286.

Á biðlista eftir leikskólaplássi hjá borgarreknum leikskólum þann 22. ágúst 2016 voru 33 börn fædd 2014 og eldri að bíða eftir leikskólaplássi. Til viðbótar voru 59 börn fædd 2014 og eldri með flutningsumsóknir á milli leikskóla. Fjöldi barna á biðlista sem fædd voru í janúar **til apríl, þ.e. án barna fæddra í maí** 2015 voru 112.

Í innritunarkerfi leikskólanna, eru þann 20. ágúst 2018 skráð 336 laus pláss. Innritun barna fyrir haustið er í fullum gangi og er daglega verið að bjóða í laus pláss. Í nokkrum leikskólum er ekki biðlisti á bak við laus pláss.

Grunnskólar

Samkvæmt upplýsingum úr grunnskólum 15. ágúst 2018 á eftir að ráða í samtals 33,4 stöðugildi. Þau skiptast á eftirfarandi hátt: 11,1 stöðugildi kennara, 10,6 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 7,7 stöðugildi skólaliða, 2 þroskaþjálfarar, 1 stöðugildi í mötuneyti og 1 stöðugildi á bókasafni.

Þann 14. ágúst 2017 átti eftir að ráða í samtals 58,3 stöðugildi. Þau skiptust á eftirfarandi hátt: 18 stöðugildi kennara, 17 stöðugildi stuðningsfulltrúa og 15,8 stöðugildi skólaliða, 3,5 stöðugildi þroskaþjálfara og 4 stöðugildi í mötuneyti. Þann 17. ágúst 2016 átti eftir að ráða í samtals 43,2 stöðugildi.

Þau 33,4 stöðugildi sem vantar núna skiptast á eftirfarandi hátt:

- 16 grunnskólar hafa ráðið í allar stöður, þ.e. 44,4% grunnskólanna.
- 5 grunnskóla vantar í 0,5- 0,75 stöður, þ.e. 13,9% grunnskólanna.
- 8 grunnskóla vantar í 1 – 1,5 stöður, þ.e. 22,3% grunnskólanna.
- 4 grunnskóla vantar í 2 – 2,8 stöður, þ.e. 11,1% grunnskólanna.

- 2 grunnskóla vantar í 3 stöður, þ.e. 5,5% grunnskólanna.
- 1 grunnskóla vantar í 5,1 stöðu, þ.e. 2,8% grunnskólanna.

Búið er að ráð í 98,25% stöðugilda í grunnskóla ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í desember 2017. Í samantekt frá 14. ágúst 2017 átti eftir að ráða í 96,8% stöðugildi grunnskóla miðað við fjölda stöðugilda grunnskóla í desember 2016.

Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar

Þann 20. ágúst var búið að sækja um fyrir 4.125 barn í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar. Búið að að samþykkja 2.766 börn í vistun þar af 574 í hlutavistun. Á biðlista eru 1.354 börn. Byrjað er á að bjóða 1. bekkjum og stuðningsbörnum dvöl á frístundaheimilum borgarinnar síðan er 2. bekkur tekinn inn og þá stærri hópi boðin hlutavistun. Þegar 2. bekkur er kominn með alla sína vistun þá verður unnið sambærilega með 3. og 4. bekk. Umsóknir eru teknar inn í tímaröð með þeim hætti að þau börn sem sótt var fyrst um fyrir í viðkomandi árgangi fá fyrst hlutavistun og þau fá einnig fyrst fulla vistun.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar vantar 211 starfsmann í 103,3 stöðugildi. Yfirleitt er um 50% störf að ræða. Af 103,3 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum sem þarf að ráða í eru 15,8 stöðugildi með fötluðum börnum og ungmennum og eru það 33 starfsmenn.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 103,3 stöðugildi. Búið er að ráða í 71,1% stöðugilda.

Þann 21. ágúst 2017 átti eftir að ráða í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum: 226 starfsmenn í tæplega 114 stöðugildi. Yfirleitt var um 50% störf að ræða. Af 114 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum sem þurfti að ráða í, vantaði 37 stöðugildi í störf með fötluðum börnum og ungmennum og voru það 74 starfsmenn.

Þau 103,3 stöðugildi sem vantar núna skiptast á eftirfarandi hátt:

- 2 frístundaheimili hafa ráðið í allar stöður, þ.e. 4,65 % frístundaheimilanna.
- 19 frístundaheimili vantar í 0,5 - 1,5 stöður, þ.e. 44,2% frístundaheimilanna.
- 8 frístundaheimili vantar í 2,0-2,50 stöður, þ.e. 18,6% frístundaheimilanna.
- 6 frístundaheimili vantar í 3,0 - 3,5 stöður, þ.e. 13,95% frístundaheimilanna.
- 4 frístundaheimili vantar í 4,0 - 4,8 stöður, þ.e. 9,30% frístundaheimilanna.
- 3 frístundaheimili vantar í 5,0 - 6,0 stöður, þ.e. 6,97% frístundaheimilanna.
- 1 frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar vantar í 11,0 stöður, þ.e. 2,32% frístundaheimilanna.

Ráðningar standa yfir þessa dagana og tölurnar því að breytast dag frá degi.

Næst verða upplýsingar um stöðu ráðninga lagðar fram á fundi skóla- og frístundaráðs 25. september 2018.